



## Heimili og skóli óskar eftir tilnefningum til foreldraverðlaunanna 2009

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt fimmtudaginn 4. júní 2009 í 14. sinn. Að auki verða veitt hvatningarverðlaun til einstaklinga og stofnana ef tilefni þykir til.

Leitað er eftir tilnefningum um einstaklinga, félög, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög eða skóla á leik,- grunn- og framhaldsskólastigi sem stuðlað hafa að:

- árangursríkum leiðum við að efla samstarf foreldra og kennara
- jákvæðum hefðum í samstarfi heimila og skóla
- því að brúa bilið milli foreldra og nemenda
- öflugu samstarfi innan nærsamfélagsins um velferð barna

Enn fremur er skilyrði að verkefnið:

- hafi skýran tilgang
- hafi fest rætur og sýni fram á varanleika
- að foreldrar komi með einhverjum hætti að verkefninu

Senda skal inn tilnefningar á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á [www.heimiliogskoli.is](http://www.heimiliogskoli.is). Síðasti skiladagur tilnefninga er 30. apríl 2009.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Heimilis og skóla: [www.heimiliogskoli.is](http://www.heimiliogskoli.is)  
Senda inn tilnefningu



## Nemendum í MH boðið upp á hafragraut

Menntaskólinn við Hamrahlöð hefur undanfarna daga briddað upp á þeirri nýjung að bjóða nemendum sínum upp á hafragraut, án endurgjalds, í fyrsta stundahléinu. Í gær þáðu t.d. um 200 nemendur graut í það korter sem hann var í boði.

Lárus H. Bjarnason, rektor sagði kennarana hafa rætt það sín á milli að nemendur væru kannski ekki nógu vel vakandi því þeir væru ekki

duglegir að borða morgunmat. Á fundi Foreldraráðs skólans í janúar kastaði síðan eitt foreldri fram hugmynd um að bjóða upp á hafragraut. Hugmyndin var gripin á lofti og ákveðið að gera þessa tilraun í nokkra daga. Undirtektir voru miklar og góðar og hafa um 200 nemendur þegið graut í það korter sem hann er í boði. Rektor segir nemendur þakkláta og er ætlunin að halda þessu áfram.



## Foreldrasamtarf mikilvægt fyrir alla nemendur

Við hjá Heimili og skóla þreymtumst seint á að benda á mikilvægi foreldrasamstarfs.

Á afmælishátíð Rannsóknar og greiningar kom fram í erindi Ingu Dóru Sigfúsdóttur að eftirlit foreldra, stuðningur þeirra, magn tíma sem varið er með foreldrum og tengsl foreldra við aðra foreldra og vini barna þeirra dregur úr líkum á vímuefnaneyslu og auka líkur á góðum námsárangri (Social Forces, 2005; Scandinavian Journal of Educational Research, 2009). Einnig að í skólum þar sem foreldrar þekkja

aðra foreldra og vini barnanna sinna eru minni líkur á því að hver einstakur nemandi neyti áfengis, og meiri líkur á að hann fái góðar einkunnir, óháð því hvort foreldrar hans tilheyri þessu tengslaneti foreldra eða ekki. (Social Forces, 2005 og Acta Sociologica, 2007).

Á málþingi sem Lýðheilsustöð stóð fyrir á dögnum í Stykkishólmi kom einnig fram að besta forvörnin væri samtakamáttur foreldra, þar er aflið ef áhuginn er til staðar.

## Foreldraráð í framhaldsskólum

Formenn nokkurra foreldraráða framhaldsskóla hittust á dögnum í húsakynnum Heimilis og skóla.

Fulltrúar þeirra telja mikilvægt að skapa vettvang fyrir foreldraráðin til að hittast og ræða það sem helst brennur á fólki varðandi stofnun og starfsemi foreldraráða í framhaldsskólum. Hugmyndin er að boða til fundar á landsvísu í haust.